



# Ferli eineltismála í starfsmannahópi Vesturkots



# Ferli eineltismála í barnahóp Vesturkots



# *Samskiptasáttmáli milli starfsmanna, barna og foreldra í Vesturkotí*

*-Unnið af starfsmönnum Vesturkots haustið 2012*



*♥ Við komum fram við aðra eins og við ♥  
viðjum láta koma fram við okkur*

*♥ Við berum virðingu fyrir skoðunum annarra ♥*

*♥ Við erum lausnamiðuð og jákvæð þegar ♥  
leysa þarf verkefni*

*♥ Við vinnum vel saman og nýtum mannauð ♥  
hvers og eins*

*♥ Við gagnrýnum á uppbyggjandi hátt og ♥  
tökum ábendingum vel*

*♥ Við erum öll ábyrg fyrir því að skapa ♥  
skemmtilegt og þægilegt andrúmsloft*



## Eineltisáætlun leikskólans Vesturkots

Í Vesturkoti er einelti ekki liðið, hvorki meðal starfsmanna né barnanna. Einkunnarorð Vesturkots *Lífsgleði - Leikni - Leikur* eru höfð til grundvallar í öllu starfi leikskólans og á það líka við í samskiptum við aðra.

### Markmið eineltisáætlunar

- Starfsfólk þekki einkenni eineltis og geti brugðist rétt við ef einhver verður fyrir einelti í leikskólanum
- Skapa umræður þannig að starfsmenn séu meðvitaðir um einelti og afleiðingar þess
- Efla góð samskipti milli starfsmanna og við börnin

### Hvað er einelti?

Einelti er oft skilgreint sem endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi sem beitt er gegn annarri manneskju eða hópi án þeirra vilja. Einelti getur haft margar birtingarmyndir:

- **Munnlegt einelti:** Uppnefningar, stríðni og niðurlægjandi athugasemdir, leggja öðrum orð í munn og hæðast að eða hunsa það sem sagt er
- **Félagslegt einelti:** Skilja útundan, útskúfun, útilokun, fá ekki að taka þátt í afmælisveislum og öðrum atburðum sem aðrir taka þátt í
- **Efnislegt einelti:** Eyðilegging á eigum annarra eða þeim stolið
- **Andlegt einelti:** Þvinga aðra til að gera eitthvað sem stríðir á móti vilja þeirra og réttlætiskennd
- **Líkamlegt einelti:** Ýmsar barsmíðar, misnotkun, hrinda, sparka og fleira
- **Rafrænt einelti:** Niðrandi ummæli og/eða hótanir á netinu, í gegnum síma eða með öðrum rafrænum hætti



## Einelti í starfsmannahópnum

Leikskólastjóra ber að tryggja starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi hvað varðar félagslegan aðbúnað. Þannig þarf hann að sjá til þess að einelti viðgangist ekki á vinnustaðnum. Einelti á vinnustað getur verið af ýmsum toga og er stjórnandinn í lykilstöðu til að fyrirbyggja slíkt og sýna gott fordæmi í að skapa góðan starfsanda. Vitanlega getur orsakanna verið að leita hjá stjórnandanum sjálfum og þá þarf í sumum tilfellum að leita ráða hjá utanaðkomandi aðilum. Þegar um atvik er að ræða sem hafa verið upplýst eða þar sem vafi leikur á réttmæti ásakanna er mikilvægt að leita sátta.

- Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað
- Allar ásakanir um einelti eru skoðaðar
- Hlúa þarf að þolandanum og veita honum aðstoð eftir þörfum til að vinna úr þessari neikvæðu reynslu
- Einblína þarf á þann eða þá sem standa fyrir aðförinni. Þar liggur vandinn sem þarf að leysa
- Finna þarf foringjann og fá hann til að sjá málið frá sjónarhóli þolandans.
- Skoða þarf hvernig samskiptin eru og hvað veldur því að vinnufélagar hafa hvöt til að leggja viðkomandi í einelti
- Starfsmaður sem verður uppvís að einelti getur fengið áminningu í starfi, breytingu á starfi eða fyrirvaralaus brottvikningu

## Einelti í barnahópnum

Öll börn eiga rétt á að líða vel í leikskólanum sínum og safna góðum minningum um veru sína þar. Því er nauðsynlegt að sýna skjót og fagleg viðbrögð ef barn verður fyrir einelti í leikskólanum. Einkenni eineltis meðal barna í leikskóla geta verið að:

- skilja önnur börn útundan og útilokun í leik
- tala illa og leiðinlega um leikfélaganna
- hæðast að klæðaburði annarra barna, verkum þeirra eða athöfnum
- beita eða ógna öðrum börnum með líkamlegu ofbeldi

Vinna þarf fyrirbyggjandi starf í leikskólanum þar sem stuðlað er að tillitsemi og umburðarlyndi í barnahópnum. Styrkja þarf sjálfstraust barnanna og börnin þurfa að hafa þekkingu á hvaða samskiptareglur eru í gildi.



- Hafa ber í huga að það eru ekki einungis börn sem leggja önnur börn í einelti. Starfsmenn eru í sumum tilfellum gerendur
- Deildarstjóri eða leikskólalastjóri verður að bregðast skjótt við ef barn er lagt í einelti og uppræta þarf vandann strax
- Hlúa þarf að barninu sem lagt er í einelti og hjálpa því að vinna úr þessari neikvæðu reynslu
- Einnig þarf að hlúa að gerandanum og leita orsaka þess að hann leggur aðra í einelti og fyrirbyggja að hann endurtaki verknaðinn í framtíðinni
- Upplýsa foreldra þolanda og geranda um eineltið svo þeir séu meðvitaðir um líðan og hegðun barnsins þeirra
- Fá aðstoð utanaðkomandi fagaðila ef nauðsyn er á

## Hvað getum við gert til að sporna gegn einelti?

Allir eiga á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur. Ábyrgð starfsmanna er mikil. Ef starfsmaður verður vitni að einelti ber honum að:

- bregðast fljótt við því og stöðva tiltekið atvik
- stöðva slæmt umtal strax í fæðingu
- tilkynna yfirmanni sínum
- veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til réttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu
- vera ábyrgur og samstarfsfús þegar kemur að greiningu og lausn málsins

Leikskólalastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti. Starfsmenn verða að vera góðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Til að sporna gegn einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, umburðarlyndi og aðrar dyggðir
- setja sig í spor annarra - hvernig viljum við láta koma fram við okkur og okkar börn?



- efla sjálfsmynd barnanna og samstarfsfólks með því að hrósa fyrir það sem vel er gert og fyrir góða eiginleika þeirra
- vera vakandi yfir og fylgjast með hegðun barnanna við mismunandi aðstæður
- fylgjast sérstaklega með leik barnanna þar sem félagslegt nám barnanna fer að miklu leyti fram þar
- lesa bækur með börnunum sem fjalla um samskipti og tilfinningar
- fræða börnin um tilfinningar svo þau læri að hafa orð á hvernig þeim líður
- hvetja börnin til að leita til okkar ef eitthvað bjátar á og þá skiptir máli að bregðast rétt við

## Höfum einkunnarorð leikskólans að leiðarljósi:

<b>LÍFSGLEÐI</b>	Öllum á að líða vel í Vesturkoti, burtséð frá útliti, getu, uppruna, kyni og aldri
<b>LEIKNI</b>	Allir fá tækifæri til að þjálfa færni sína í samskiptum við aðra og eru hvattir til að verða meðvitaðri um eigin líðan og annarra
<b>LEIKUR</b>	Allir eiga rétt á því að eiga góðar stundir í leik og starfi með öðrum, allir eru með í hópnum og enginn skilinn útundan

